

## D Ó M U R

Mál þetta var höfðað með stefnu þingfestri 29. janúar 2013 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 4. febrúar sl. Stefnandi er Sævar Jón Gunnarsson, Höfðabraut 2, Akranesi. Stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík.

Í endanlegri kröfugerð sinni krefst stefnandi aðallega viðurkenningar á því að viðurkennt verði að eftirfarandi ákvæði í skuldabréfi nr. 0186-74-862718, útgefið af stefnanda til stefnda 19. nóvember 2008, sé óskuldbindandi: „Lánið er bundið vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og breytist skuldin í samræmi við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til gjalddaga á hverjum tíma. Þannig skal útgefandi greiða til viðbótar hverri einstakri greiðslu afborgana og vaxta, verðuppbót á hverjum gjalddaga, sem miðast við hækkun vísitölu frá grunnvísitölunni.“ Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að stefnda sé óheimilt að uppreikna mánaðarlega höfuðstól skuldabréfsins í samræmi við þróun á vísitölu neysliverðs. Hann krefst einnig málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.

Með úrskurði héraðsdóms 31. október 2013, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 6. desember þess árs, var ákveðið að afla ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins. Álit EFTA-dómstólsins lá fyrir 24. nóvember 2014 og er gerð grein fyrir því síðar. Við fyrirtöku málsins 5. desember þess árs lagði stefnandi fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna. Var þeirri beiðni hafnað með úrskurði héraðsdóms 22. sama mánaðar sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 10. febrúar 2015. Aðalmeðferð málsins sem fara átti fram 8. maí þess árs var frestað utan réttar með samkomulagi aðila, þar sem enn var beðið niðurstöðu Hæstaréttar í málum sem lutu að lögmæti verðtryggingar lána, og reyndist ekki unnt að finna nýjan dag til aðalmeðferðar fyrr en 4. febrúar sl.

### *Helstu ágreiningsefni og yfirlit málsatvika*

Efnislegur ágreiningur aðila snýst um lögmæti verðtryggingar láns að fjárhæð 630.000 krónur sem stefndi tók hjá stefnda á grundvelli skuldabréfs útgefið 19. nóvember 2008. Svo sem nánar greinir síðar byggir stefnandi máltilbúnað sinn í fyrsta lagi á því að verðtrygging áðurlýsts skuldabréfs sé andstæð ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og tilskipun nr. 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga, svonefndri MiFID-tilskipun, þar sem framangreind víðskipti hafi falið í sér flókinn afleiðusamning og þar með flókinn fjármálagerning. Stefnandi byggir í öðru lagi á því að verðtrygging hins umþrætta lánessamnings sé

óskuldbindandi vegna ákvæða laga nr. 121/1994 um neytendalán, sbr. tilskipun nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnáskilum varðandi neytendalán. Í þriðja lagi grundvallar stefnandi kröfur sínar á því að ákvæði fyrrgreinds skuldabréfs um verðtryggingu sé óskuldbindandi með vísan til 36. gr. og greina 36. a til 36. d í lögum nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, með síðari breytingum. Hann vísar í því sambandi til þess að umrædd ákvæði leiði í íslenskan rétt tilskipun 93/13/EB um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.

Atvik málsins eru ágreiningslaus. Sem fyrr segir tók stefnandi lán að fjárhæð 630.000 krónur á grundvelli skuldabréfs sem hann gaf út til stefnda 19. nóvember 2008. Var skuldabréfið með stöðluðum sammingsákvæðum og var það útbúið af starfsmönnum stefnda. Eftir útgáfu skuldabréfsins var stefnanda greidd lánsfjárhæðin að frádregnum lántöku- og stimpilkostnaði. Yfirskrift skuldabréfsins er eftirfarandi: „Skuldabréf með óskiptri sjálfsskuldaábyrgð – lán til einstaklings“. Er þar jafnframt tekið fram að skuldabréfið sé verðtryggt með breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum (annuitet). Samkvæmt upphafsorðum bréfsins viðurkennir stefnandi að skulda útbúi stefnda á Akranesi 630.000 krónur. Þá kemur fram að fjárhæðin endurgreiðist með þeim skilmálum að lánstími sé 64 mánuðir, fjöldi afborgana 60, gjalddagi fyrstu afborgunar 1. apríl 2009, en gjalddagi fyrstu vaxtagreiðslu sé 1. desember 2008. Þá segir að vextir reiknist frá útborgunardegi, kjörvextir séu nú 8,8%, flokkur vaxtaálags sé 3, vaxtaálag sé 2%, vextir séu samtals 10,8% og grunnvísitala sé 315,5 stig.

Í fyrstu málsgrein meginmáls téðs skuldabréfs kemur efnislega fram að um sé að ræða lán með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta (annuitet), þ.e. afborgun og vextir séu ávallt sama upphæðin nema vextir breytist. Þá segir eftirfarandi: „Lánið er bundið vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og breytist skuldin í samræmi við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til gjalddaga á hverjum tíma. Þannig skal útgefandi greiða til viðbótar hverri einstakri greiðslu afborgana og vaxta, verðuppbót á hverjum gjalddaga, sem miðast við hækkun vísitölu frá grunnvísitölunni.“ Er vísað til þessa ákvæðis í aðalkröfu stefnda sem fyrr greinir. Í annarri málsgrein meginmáls bréfsins kemur fram að lánið sé með breytilegum ársvöxtum og kveðið á um heimild stefnda til að breyta sammingsvöxtum. Í þriðju málsgrein meginmálsins er fjallað um tilkynningu um breytingu á sammingsvöxtum og heimild lántaka til að greiða lánið upp við þær aðstæður. Í fjórðu málsgrein meginmálsins kemur fram að nafngreindur maður, sem mun vera faðir stefnda, gangist í „óskipa sjálfsskuldaábyrgð (in solidum) gagnvart eiganda þessa láns, á endurgreiðslu lánsins“. Ekki er ástæða til að rekja önnur ákvæði í meginmáli bréfsins, en bréfið var undirritað með eigin hendi af stefnda sem útgefanda og

áðurgreindum sjálfskuldarábyrgðarmanni.

Í tengslum við útgáfu skuldabréfsins undirritaði stefnandi svonefnt „Fylgiskjal skuldabréfs – Greiðsluáætlun“ sem var ætlað að fullnægja fyrirmælum laga nr. 121/1994 um neytendalán með síðari breytingum. Í áætluninni er að finna sundurliðun greiðslna af láninu á hverjum áætluðum gjalddaga, alls 64 talsins, auk útreiknings á eftirstöðvum, afborgun, greiðslu vaxta og kostnaðar miðað við hverja greiðslu. Er þar gert ráð fyrir því að mánaðarleg greiðsla sé 14.230 krónur eftir að fyrstu fjórum mánuðum lánstímans sé lokið. Í greiðsluáætluninni kemur fram að nafnvextir á ári séu 10,8%, heildarlántökukostnaður sé 270.304 krónur (þ.e. höfuðstóll/andvirði + vextir + kostnaður á gjalddaga). Heildarupphæð sem greiða á miðað við óbreytta vexti er sögð vera 875.454 krónur (þ.e. andvirði bréfs + heildarlántökukostnaður). Árleg hlutfallstala kostnaðar er tilgreind 15,23%. Þá er rakin gjaldskrá fyrir vanskilakostnað og kveðið á um uppgreiðsluþökun bankans ef greitt er fyrir umsaminn gjalddaga. Að lokum segir eftirfarandi: „Athugið að um áætlun er að ræða. Áætlunin er byggð á 0% verðbólgu, núgildandi vöxtum, og gjaldskrá bankans, sem geta tekið breytingum sbr. ákvæði í skuldabréfi.“ Áætlunin er undirrituð af stefnanda og fyrir hönd stefnda og dagsett 20. nóvember 2008.

Í málinu liggur einnig fyrir umsókn stefnanda dagsett 20. nóvember 2011 um fimm ára lán að fjárhæð 630.000 krónur hjá stefnda. Í athugasemd starfsmanns stefnda á umsókninni kemur fram að stefnandi sé atvinnulaus en vonist eftir tilteknu starfi innan skamms. Þar kemur einnig fram að umsóknin sé samþykkt með þeim fyrirvara að til komi sjálfskuldarábyrgð þriðja manns. Í niðurstöðu greiðslumats sem dagsett er 19. nóvember 2008 kemur fram að eignastaða stefnanda sé neikvæð um tæplega sjö milljónir króna og áætluð greiðslugeta, að teknu tilliti til skulda, sé neikvæð um 284.556 krónur. Kemur fram í skjalinu að greiðslugeta teljist ekki næg. Skjalið er undirritað af stefnanda, maka hans og umræddum sjálfskuldarábyrgðarmanni.

Í gögnum málsins kemur fram að greiðslubyrði lánsins hafi flesta mánuði verið talsvert hærri en ráð var fyrir gert í greiðsluáætluninni, jafnvel þótt hinir breytilegu vextir af láninu hafi lækkað í kjölfar þess að byrjað var að greiða afborganir. Hinn 1. desember 2009 nam afborgun af láninu t.d. 14.631 krónu, hinn 1. desember 14.916 krónum, hinn 1. desember 2011 15.348 krónum og hinn 1. desember 2012 15.924 krónum. Samkvæmt greiðsluáætlun hefði afborgun á þessum dögum átt að vera 14.230 krónur og er ekki um það deilt að þessi hækkun á afborgunum umfram greiðsluáætlun hafi orsakast af verðbótauppreikningi lánsins á hverjum gjalddaga. Uppreiknaðar eftirstöðvar lánsins 1. janúar 2013 námu af sömu ástæðum 211.491 krónu í stað 190.517 krónum samkvæmt greiðsluáætlun. Heildargreiðslur stefnanda af láninu námu 714.081 krónu en hefðu samkvæmt

greiðsluáætluninni átt að nema 676.238 krónum að meðtöldum gjalddaga 1. janúar 2013. Í munnlegum málflutningi var áréttað að þessi hækkun hafi átt sér stað þótt fyrir liggi að sammingsvextir hafi lækkað lengst af lánstímanum eða úr 10,8% í 7,05%.

Í gögnum málsins er að finna svar starfsmanns Hagstofu Íslands við fyrirspurn stefnanda um útreikning neysluvísitölu frá 7. janúar 2013, en í svarinu kemur fram að upplýsingar um einstakar vörur og verðmælingar þeirra í grunni neysluvísitölu séu trúnaðarmál. Við aðalmeðferð málsins kom téður starfsmaður, Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, nú deildarstjóri við Hagstofu Íslands, fyrir dóminn sem vitni. Einnig kom fyrir dóminn sem vitni Stefán Jóhann Stefánsson, starfsmaður Seðlabanka Íslands. Ekki er ástæða til að rekja þessar skýrslur.

#### *Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins*

Sem fyrr segir var ákveðið að leita álits EFTA-dómstólsins með úrskurði héraðsdóms 31. október 2013 og var eftirfarandi spurningum beint til dómstólsins:

1. Samrýmist það ákvæðum tilskipunar nr. 87/102/EBE um neytendalán, eins og tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 90/88/EBE og tilskipun nr. 98/7/EB, að við gerð lánessammings, sem bundinn er vísitölu neysluverðs samkvæmt heimild í settum lögum og tekur því breytingum í samræmi við verðbólgu, sé við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sem birtur er lántaka við sammingsgerðina, miðað við 0% verðbólgu en ekki þekkt verðbólugustig á lantökudegi?
2. Samrýmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ef löggjöf í ríki sem aðild á að EES-samningnum heimilar að samningur um neytendalán hafi að geyma ákvæði þess efnis að greiðslur af láninu skuli verðtryggðar samkvæmt fyrir fram ákveðinni vísitölu?
3. Ef svarið við annarri spurningunni er á þann veg að verðtrygging greiðslna af neytendaláni sé samrýmanleg ákvæðum tilskipunar 93/13/EBE þá er í þriðja lagi spurt hvort tilskipunin takmarki svigrúm viðkomandi sammingsríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir skuli valda breytingum á hinni fyrir fram ákveðnu vísitölu og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar.
4. Ef svarið við þriðju spurningunni er að tilskipun 93/13/EBE takmarki ekki það svigrúm sammingsríkis sem nefnt er í þeirri spurningu þá er í fjórða lagi spurt hvort samningsskilmáli teljist hafa verið sérstaklega umsaminn í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar þegar a) tekið er fram í skuldabréfi

sem neytandi undirritar í tilefni lántöku að skuldbinding hans sé verðtryggð og tilgreint er í skuldabréfinu við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast, b) skuldabréfinu fylgir yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar greiðslur á gjalddögum lánsins og tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánssamningsins, og c) neytandi og veitandi undirrita báðir greiðsluyfirlitið samtímis og samhliða því að neytandi undirritar skuldabréfið?

5. Telst aðferðin við útreikning verðbreytinga í lánsamningi hafa verið útskýrð rækilega fyrir neytanda í skilningi d-liðar 2. gr. viðauka við tilskipun 93/13/EBE þegar atvik eru með þeim hætti sem nánar greinir í fjórðu spurningunni?
6. Á ríki sem er aðili að EES-samningnum val milli þess við innleiðingu 1 mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE, annars vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að heimilt sé að lýsa óskuldbindandi fyrir neytanda óréttmæta skilmála í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, eða hins vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að slíkir skilmálar skuli ávallt vera óskuldbindandi fyrir neytandann?

Með fyrrgreindum dómi EFTA-dómstólsins 24. nóvember 2014 var veitt ráðgefandi álit um spurningarnar sem hér segir:

1. Þegar lánsamningur er bundinn við vísitölu neysluverðs, samrýmist það ekki tilskipun 87/102/EBE að miðað sé við 0% verðbólgu við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar ef þekkt verðbólgustig á lántökudegi er ekki 0%. Það er landsdómstólsins að meta, að teknu tillit til allra atvika málsins, hvaða áhrif röng upplýsingagjöf af þessu tagi hefur og hvaða úrræðum er hægt að beita af því tilefni, að því gefnu að þeirri vernd sem tilskipun 87/102/EBE veitir, eins og dómurinn skýrir hana, sé ekki stefnt í hættu.

Að því gefnu að landsdómstóllinn telji samningsskilmála um verðtryggingu afborgana neytendalánsins sem um ræðir ekki endurspegla lög eða bindandi stjórnisýsluákvæði samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/13/EBE eru svörin við eftirfarandi spurningum svohljóðandi:

2. Tilskipun 93/13/EBE leggur ekki almennt bann við skilmálum um verðtryggingu lána í samningum milli veitanda og neytanda. Það er landsdómstólsins að meta hvort umræddur skilmáli sé óréttmætur. Matið verður að taka mið af skýringu dómstólsins á hugtakinu „óréttmætur skilmáli“.

3. Tilskipun 93/13/EBE takmarkar ekki svigrúm EES-ríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir geti valdið breytingum á fyrirfram ákveðinni vísitölu, á borð við hina íslensku vísitölu neysluverðs, og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar, að því gefnu að þeim sé lýst með skýrum hætti í samningnum.
4. Það er landsdómstólsins að taka afstöðu til þess hvort samið hafi verið sérstaklega um tiltekinn samningsskilmála í skilningi 3. gr. tilskipunar 93/13/EBE.
5. Það er landsdómstólsins að meta hvort samningsskilmála um verðtryggingu afborgana af láni skuli teljast hafi verið lýst fyrir neytandanum með skýrum og skiljanlegum hætti. Slíkt mat verður að taka mið af nákvæmu orðalagi viðeigandi samningsskilmála og öllum öðrum aðstæðum, þar á meðal þeirra sem vísað er til í a- og b-hluta fjórðu spurningar landsdómstólsins, auk ákvæða landsréttar um verðtryggingu.
6. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE verður að túlka með þeim hætti að í þeim tilvikum þar sem landsdómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að tiltekinn samningsskilmáli sé óréttmætur samkvæmt tilskipuninni beri þeim dómstól að tryggja að slíkur skilmáli sé óskuldbindandi fyrir neytandann að því gefnu að samningurinn geti haldið gildi sínu að öðru leyti án hins óréttmæta skilmála að því marki sem reglur landsréttar leyfa.

#### *Helstu málsástæður stefnanda*

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn í fyrsta lagi á því að verðtrygging áðurlýsts skuldabréfs sé andstæð ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og tilskipun nr. 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga, svonefndri MiFID-tilskipun. Stefnandi rekur að sérstakar reglur gildi um vernd almennra fjárfesta, þ.e. fjárfesta sem ekki hafa verið samþykktir sem fagfjárfestar, samkvæmt fyrrgreindum lögum og tilskipun. Framangreind víðskipti hafi falið í sér flókin fjármálagerning í skilningi umræddra reglna og hafi stefnda því borið að afla sér upplýsinga um þekkingu og reynslu stefnanda og meta hvort fyrirhuguð víðskipti hans væru tilhlýðileg.

Stefnandi byggir á því að ekki hafi verið tilhlýðilegt að gera umræddan samning við almennan neytenda, enda hafi í reynd verið um flókin afleiðusamning í skilningi fyrrgreindra laga og tilskipunar að ræða þar sem ekki sé með nokkru móti hægt að gera sér grein fyrir þróun vísitölu neysluverðs hér á landi eða verja sig gegn slíkum breytingum. Engin leið sé að gera sér grein fyrir því hvernig vísitala neysluverðs muni þróast, enda sé mæling hennar flókin og háð fjölmörgum utanaðkomandi þáttum, svo sem þróun alþjóðlegs hrávöruverðs, gengis íslensku

krónunnar, skattaákvörðunum stjórnvalda bæði á Íslandi og erlendis, kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, þróun alþjóðlegra fjármálamarkaða, ákvörðunum seljenda vöru og þjónustu um álagningu og svo mætti lengi telja. Þar með sé alger og fullkomin óvissa um það strax í upphafi, hverjar raunverulegar og endanlegar efnaskyldur, samningurinn hafi í för með sér. Var við munnlegan flutning málsins þessu til stuðnings vísað til skýrslna vitna sem komu fyrir dóminn.

Því til stuðnings að umræddur samningur hafi verið afleiðusamningur vísar stefnandi til 2. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja og h-liðar 2. töluliðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007 og 10. töluliðar C-þáttar 1. viðauka MiFID-tilskipunarinnar. Þá vísar stefnandi til þess að allar afleiður, bæði skráðar og óskráðar, teljist vera flóknir fjármálagerningar.

Stefnandi telur samkvæmt þessu að draga megi þá ályktun að framangreint skuldabréf hafi verið „skuldabréf með innbyggða afleiðu“ og þar með verið flókninn fjármálagerningur. Sérstaklega eigi þetta við þar sem notuð sé sú aðferð að höfuðstólsfæra verðbæturnar. Þar af leiðandi hafi stefnda borið að beita fyllstu varkárni þegar stefnandi gaf út bréfið og hafi borið skylda til að tryggja fjárfestavernd út í ystu æsar. Ekki hafi mátt bjóða stefnanda þennan samning nema metið hefði verið hvort varan væri viðeigandi og tilhlýðileg fyrir stefnanda sem neytanda, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Í raun hafi því stefnda verið óheimilt að bjóða til sölu og selja almennum fjárfestum verðtryggða lánessamninga eða skuldabréf þar sem uppgjör var bundið vísitölu neysliverðs.

Án tillits til framangreindra sjónarmiða vísar stefnandi einnig til þess að umrætt skuldabréf teljist verðbréf samkvæmt fyrrgreindum lögum og tilskipun. Samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna beri að líta svo á að stefndi hafi sinnt fjárfestingarráðgjöf sem falli undir ákvæði laganna. Þar sem umrætt skuldabréf hafi verið flókninn afleiðusamningur hafi hvílt á stefnda rík skylda til upplýsingagjafar og upplýsingaöflunar, sbr. m.a. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002.

Í annan stað byggir stefnandi á því að verðtrygging hins umþrætta lánessamnings sé óskuldbindandi vegna ákvæða laga nr. 121/1994 um neytendalán, meðal annars eins og þau hafi verið skýrð með fyrrgreindum dómi EFTA-dómstólsins. Stefnandi vísar til þess að lögin feli í sér innleiðingu á tilskipun nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum varðandi neytendalán. Stefnandi byggir á því að hann hafi verið neytandi í skilningi laganna sem tekið hafi til áðurlýstra viðskipta málsaðila. Hann vísar til upplýsingaskyldu lánveitanda samkvæmt nánari ákvæðum laganna og þess að heimilt sé að semja um breytilega vexti og breytilegan lántökukostnað en þó sé lögð á lánveitanda sú skylda samkvæmt 9. gr. laganna að upplýsa neytanda um hvernig vextir séu á þeim

tíma sem upplýsingarnar séu gefnar ásamt því að tilgreina með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir geti breyst. Þá vísar stefnandi til 12. gr. laganna þar sem kveðið er á um að miðað skuli árlega hlutfallstölu kostnaðar við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans þegar lánsamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur fer fram. Stefnandi telur að þetta ákvæði eigi að skýra til samræmis við 6. málslíð 1. gr. a í umræddri tilskipun, svohljóðandi: „Þegar um er að ræða lánsamninga, sem í eru ákvæði er heimila breytingar á vaxtagjöldum og upphæð eða stigi annars kostnaðar er fellur undir árlega hlutfallstölu kostnaðar en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á þeirri forsendu að vextir og annar kostnaður verði óbreytanlegur og gildi fram til loka lánsamnings.“

Stefnandi vísar til tilgangs fyrrgreindrar tilskipunar svo og markmiðs ákvæðis 6. málslíðar 1. gr. a í tilskipuninni. Samkvæmt þessu telur stefnandi að við lántöku hans hefði átt að túlka 12. gr. laganna þannig að í greiðsluáætlun hefði verið miðað við að verðbólga yrði óbreytt úr lánstímann en ekki 0%, líkt og gert hafi verið. Stefnandi hafi þannig brotið gegn upplýsingaskyldu sinni samkvæmt 12. gr. laganna og komið því til leiðar að árleg hlutfallstala kostnaðar virtist mun lægri, en ef gert hefði verið ráð fyrir sömu þróun verðlags út lánstímann. Stefnandi telur að ekki fari á milli mála að verðbætur á lánsamninginn hafi fallið undir heildarlántökukostnað í skilningi laganna. Stefnandi telur einnig að stefnda sé óheimilt að krefja hann um frekari kostnað en hann hafi tilgreint í greiðsluáætlun, sbr. 14. gr. laganna.

Stefnandi byggir í þriðja lagi á því að ákvæði fyrrgreinds skuldabréfs um verðtryggingu sé óskuldbindandi með vísan til 36. gr. og greina 36. a til 37. d í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum. Er í þessu sambandi einnig vísað til ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins eins og það birtist í fyrrgreindum dómi réttarins. Hann vísar í því sambandi til þess að umrædd ákvæði leiði í íslenskan rétt tilskipun 93/13/EB um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Stefnandi telur ljóst að umræddar reglur laga nr. 7/1936 og tilskipun nr. 93/13/EB hafi gilt um lánsamning hans við stefnda. Þá bendir hann á að umræddum reglum sé einkum beint gegn stöðluðum samningsskilmálum, svo sem um hafi verið að ræða í nefndum viðskiptum, og einnig hafi stefndi haft yfirburðastöðu gagnvart stefnanda.

Stefnandi leggur áherslu á að skýra eigi umrædd ákvæði íslenskra laga til samræmis við tilskipun nr. 93/13/EB. Hann vísar til þess að í 1-lið 1. hluta viðauka

tilskipunarinnar séu nefndir, sem dæmi um ósanngjarna samningsskilmála, skilmálar sem hafa það að markmiði að heimila seljanda vöru eða veitanda þjónustu að hækka verðið án þess að veita neytandanum tilsvarendi rétt til að ógilda samning ef endanlegt verð er of hátt samanborið við umsamið verð samnings. Þessi liður gildi ekki um viðskipti með framseljanleg verðbréf en eigi hins vegar að fullu við um lánasamninga neytenda samanber c-lið 2. hluta viðaukans og að lokum sé í d-lið 2. hluta viðaukans kveðið á um að ákvæði l-liðar komi ekki í veg fyrir löglega vísitölubindingu ef aðferðin við útreikning verðbreytinga er útskýrð rækilega í samningi. Stefnandi telur þessu skilyrði ekki fullnægt um téðan lánsamning aðila og vísar í því sambandi til þess að engar upplýsingar séu aðgengilegar stefnanda um grundvöll og nánari útreikning neysluvísitölu. Þá byggir stefnandi á því að ljóst sé að umræddur samningur hafi verið lánsamningur í skilningi laga nr. 121/1994 og því hljóti framangreindar reglur l-liðar í viðaukanum að eiga hér við. Með hliðsjón af úrlausn málsins er ekki ástæða til að gera sérstaka grein fyrir málsástæðum og lagarökum stefnanda vegna varakröfu hans.

Varakröfu stefnanda byggir á sambærilegum málsástæðum og lagarökum og aðalkrafa hans.

#### *Helstu málsástæður stefnda*

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu að verðtrygging skuldabréfaláns gangi gegn lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og svonefndri MiFID-tilskipun nr. 2004/39/EB. Telur stefndi að lánið hafi ekki falið í sér verðbréfavíðskipti sem falli undir gildissvið þessara reglna, enda hafi stefndi ekki sinnt neins konar milligöngu eða þjónustu við verðbréfavíðskipti gagnvart stefnanda, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Þá hafi ekki verið um að ræða lánafyrirgreiðslu tengda verðbréfavíðskiptum, sbr. 2. tölulið 2. mgr. 1. gr. laganna eða fjárfestingarráðgjöf samkvæmt 5. tölulið 1. mgr. sömu greinar. Hér hafi því verið um að ræða útlánastarfsemi sem falli undir lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en ekki þær reglur sem stefnandi vísi til. Jafnvel þótt talið yrði að umrædd lög og tilskipun hafi gilt um fyrrgreinda lántöku færir stefndi rök fyrir því að kröfum þessara reglna hafi verið fullnægt. Vísar hann í því sambandi til þess að verðtrygging sé heimil samkvæmt íslenskum lögum og ákvæði um verðtryggingu hafi komið skýrt og ótvírætt fram í lánskjöllum.

Stefndi mótmælir einnig sjónarmiðum stefnanda á þá leið að ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán kunnir ekki að vera fullnægt um lántöku stefnanda. Hann vísar til þess að samkvæmt 12. gr. laganna skuli lánveitandi, þegar um breytilega vexti eða gjöld af láni er að ræða, reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans. Þetta ákvæði sé í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 87/102/EBE sem

geri ráð fyrir því að þegar lánsamningur kveði á um breytilega vexti eða annan kostnað skuli útreikningur byggja á þeirri forsendu að engin breyting verði á vöxtum og kostnaði fram til loka lánstíma. Samkvæmt þessu sé ótvírætt að stefnda hafi borið að ganga út frá þeirri forsendu við útreikning á áætluðum heildarlántökukostnaði stefnanda að verðlag myndi haldast óbreytt allan lánstímann. Stefndi telur sig því ekki hafa brotið gegn umræddum reglum með því að gera ráð fyrir 0% verðbólgu. Þá vísar hann til þess að ákvæði um verðtryggingu hafi verið skýr og allar forsendur greiðsluáætlana hafi legið fyrir. Stefndi telur sig hins vegar ekki geta borið ábyrgð á nánari forsendum við útreikning vísitölu neysluverðs sem ráðist af lögum og öðrum settum reglum.

Stefndi mótmælir því að lokum að umrædd lánveiting orki tvímælis gagnvart fyrrnefndum ákvæðum laga nr. 7/1936 viðvíkjandi ósanngjörnum skilmálum í neytendasamningum og tilskipun nr. 93/13/EBE. Hann bendir á að umrædd verðtrygging hafi stuðst við skýra heimild í lögum og verði henni ekki vikið til hliðar með úrlausn dómstóla. Í þessu sambandi vísar stefndi einnig til þjóðhagslegrar þýðingar verðtryggingar og rekur þær aðstæður sem séu uppi og hafi verið uppi á íslenskum lánamarkaði. Hann leggur áherslu á að farið hafi verið eftir fyrirmælum laga nr. 121/1994 um neytendalán, svo sem áður greinir. Þá vísar stefndi til þess að í formála tilskipunar nr. 93/13/EBE sé tekið fram að tilskipunin eigi ekki við um samningsskilmála sem leiði af „lögum eða reglubundnum“ ákvæðum. Breyting á lánsamningi sem leiði af vísitölutryggingu sé því ekki einhliða breyting af hálfu lánveitanda.

Við munnlegan flutning málsins var lögð á það áhersla af hálfu stefnda að þegar hefði verið skorið úr ágreiningsefnum aðila með dómi Hæstaréttar 6. desember 2013 í máli nr. 737/2013, dómi réttarins 13. maí 2015 í máli nr. 160/2015 og dómi réttarins 26. nóvember þess árs í máli nr. 243/2015.

#### *Niðurstaða*

Ágreiningur aðila er takmarkaður við lögmæti verðtryggingar láns að fjárhæð 630.000 krónur sem stefndi tók hjá stefnda á grundvelli skuldabréfs, útgefið 19. nóvember 2008, sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Byggir stefnandi málatilbúnað sinn í fyrsta lagi á því að verðtrygging áðurlýsts skuldabréfs sé andstæð ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og tilskipun nr. 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga, svonefndri MiFID-tilskipun, þar sem framangreind viðskipti hafi falið í sér afleiðusamning og þar með flókinn fjármálagerning. Í öðru lagi telur hann að verðtrygging hins umþrætta lánsamnings sé óskuldbindandi vegna ákvæða þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán, sbr. tilskipun nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum

varðandi neytendalán. Í þriðja lagi grundvallar stefnandi kröfur sínar á því að ákvæði fyrrgreinds skuldabréfs um verðtryggingu sé óskuldbindandi með vísan til 36. gr. og greina 36. a. til d. í lögum nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, með síðari breytingum. Hann vísar í því sambandi til þess að umrædd ákvæði leiði í íslenskan rétt tilskipun 93/13/EB um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.

#### A

Að því er snertir fyrstu málsástæðu stefnanda er ljóst af fyrirmælum laga nr. 108/2007 og ákvæðum tilskipunar nr. 2004/39/EB að þessum réttarheimildum er ætlað að ná til verðbréfavíðskipta, svo og ákveðinnar tengdrar starfsemi, en ekki til hefðbundinnar lánstarfsemi og skuldabréfaútgáfu henni samfara. Í 1. mgr. 1. gr. laganna, sem svarar efnislega til A-þáttar 1. viðauka tilskipunar nr. 2004/39/EB, er þannig á því byggt að til verðbréfavíðskipta teljist meðal annars móttaka og miðlun fyrirmæla frá víðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagæringa, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd víðskiptavina, víðskipti með fjármálagæringa fyrir eigin reikning, eignastýring og fjárfestingarráðgjöf, sbr. 1-5. lið málsgræinarinnar. Í 2. mgr. græinarinnar er hins vegar kveðið á um víðskipti eða starfsemi sem er í nánum tengslum við verðbréfavíðskipti í skilningi 1. mgr. græinarinnar. Er þar meðal annars að finna veitingu lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt víðskipti með fjármálagæringa og þjónustu sem tengist undirliggjandi þáttum afleiðu samkvæmt e- og h-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, ef hún er í tengslum við verðbréfavíðskipti samkvæmt þessari græin.

Dómurinn telur engan vafa leika á því að skuldabréfið, sem stefnandi gaf út til stefnda 19. nóvember 2008, sé verðbréf í skilningi a-liðar 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. tölulið C-þáttar 1. viðauka tilskipunar nr. 2004/39/EB, og hafi sem slíkt verið hæft andlag verðbréfavíðskipta sem fjármálagæringur samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna. Hins vegar telur dómurinn einnig ljóst að útgáfa skuldabréfsins fór fram sem óaðskiljanlegur þáttur í lánveitingu stefnanda til stefnda og fól skuldabréfið þannig bæði í sér græiðsluskilmála lánsins og tryggingarréttindi til handa stefnda. Af því sem áður er rakið um efnislega afmörkun 1. mgr. 1. gr. laga 108/2007 fól sjálf útgáfa skuldabréfsins því ekki í sér nein þau atriði sem gátu talist til verðbréfavíðskipta í skilningi málsgræinarinnar. Jafnvel þótt fallist yrði á sjónarmið stefnanda þess efnis að rétt væri að líta á skuldabréfið sem samning um afleiðu milli málsaðila, sem félli undir gildissvið laga nr. 108/2007 sem slíkur, gæti það ekki haggað þessari niðurstöðu.

Að mati dómsins er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að umrædd lánveiting hafi verið gerð í þeim tilgangi að stefnandi gæti átt víðskipti með fjármálagæringa þannig að 2. töluliður 2. mgr. 1. gr. laga nr. 108/2007 eigi

við. Þar sem umrædd lögskipti tengdust ekki með neinum hætti verðbréfavíðskiptum stefnanda getur 7. töluliður málsgreinarinnar ekki heldur haft þýðingu fyrir niðurstöðu málsins.

Samkvæmt framangreindu hefur stefnandi engin haldbær rök fært fyrir því að í fyrrgreindum lögskiptum hafi falist verðbréfavíðskipti sem falla undir ákvæði 1. gr. laga nr. 108/2007 eða gildissvið fyrrgreindrar tilskipunar nr. 2004/39/EB. Verður því hvorki aðal- né varakrafa stefnanda tekin til greina á þessum grundvelli.

## B

Í málum sem lauk með dómi Hæstaréttar 13. maí 2015 í máli nr. 160/2015 og dómi réttarins 26. nóvember 2015 var einnig fjallað um lögmæti verðtryggingarákvæða skuldbréfa með hliðsjón af 36. gr. og greinum 36. a. til d. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, með síðari breytingum, sbr. tilskipun ráðsins nr. 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Svo sem um ræðir í þessu máli var þar byggt á því að með sanningsgerðinni hefði lántaki verið látinn bera alla áhættu af hækkun láns vegna verðbreytinga, án þess að hafa verið upplýstur um fyrirsjáanlega eða mögulega hækkun með viðhlítandi hætti.

Í fyrrgreindum dómum Hæstaréttar var vikið að því að í VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu væri kveðið með tæmandi hætti á um heimildir til að verðtryggja lánsfé í íslenskum krónum og væru reglur um þetta ófrávíkjanlegar um önnur atriði en þau, sem það gagnstæða væri tekið fram um, sbr. 2. gr. laganna. Var fallist á það með héraðsdómi að á grunni þeirra reglna sem giltu um verðtryggingu lána gætu fyrrgreind ákvæði laga nr. 7/1936 aðeins tekið til skilmála um þá þrjá þætti í lánsamningi, sem aðilum hans hefði að lögum verið frjálst að semja um, þ.e. hvort fjárhæð lánsins skyldi yfirleitt vera háð verðtryggingu að hluta eða öllu leyti, hvort þar skyldi miðað við vísitölu neysliverðs eða hlutabréfavisitölu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, og loks hver grunnvísitalan skyldi vera. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að líta svo á að skilmálar lánanna um þessi atriði hefðu strítt gegn góðum viðskiptaháttum eða raskað til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna málsaðila honum í óhag þannig að þeir yrðu taldir ósanngjarnir í skilningi 3. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936, skýrð til samræmis við 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/13/EBE, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

Í því máli sem hér er til úrlausnar liggur fyrir að samið var um að miða skyldi við vísitölu neysliverðs. Þá er ekkert annað komið fram en að ákvörðun grunnvísitölu neysliverðs hafi verið í samræmi við það sem taldist venjulegt á þeim tíma sem lánið var tekið. Verður því að telja atvik málsins sambærileg þeim sem leyst var úr með fyrrnefndum tveimur dómum Hæstaréttar að þessu leyti.

## C

Svo sem áður greinir lýtur önnur málsástæða stefnanda að því að sú greiðsluáætlun sem fylgdi áðurlýstu skuldabréfi hafi ekki fullnægt ákvæðum þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán eins og skýra bar ákvæði laganna til samræmis við tilskipun nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum varðandi neytendalán. Er í þessu sambandi einkum vísað til 12. gr. laganna sem ætlað var að svara efnislega til 6. mgr. 1. gr. a. tilskipunar nr. 87/102/EBE, svo sem henni var breytt með 2. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 90/88/EBE. Nánar tiltekið er vísað til þess að í þeirri greiðsluáætlun sem fylgdi fyrrgreindu skuldabréfi hafi verið miðað við 0% verðbólgu án þess að nokkuð tillit hafi verið tekið fyrir sjáanlegrar verðlagsþróunar. Hafi heildarlántökukostnaður og árleg hlutfallstala kostnaðar því verið rangt reiknuð samkvæmt nánari ákvæðum laganna og stefnandi því ekki fengið þær upplýsingar sem honum bar að réttu. Hins vegar er ekki á því byggt að aðrir annmarkar hafi verið á umræddri greiðsluáætlun eða upplýsingagjöf til stefnanda.

Í fyrrgreindu máli sem lyktaði með dómi Hæstaréttar 13. maí 2015 í máli nr. 160/2015 var einnig fjallað um lögmæti greiðsluáætlunar skuldabréfs með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 121/1994. Í þeirri áætlun sem þar var um að ræða hafði ekki verið tekið fram berum orðum að áætlunin byggði á 0% verðbólgu. Hins vegar verður sú ályktun dregin af dóminum að gengið hafi verið út frá því að lántaka hafi verið ljóst að áætlunin tæki ekki mið af hugsanlegum verðbreytingum til framtíðar. Að þessu leyti eru atvik málsins sambærileg atvikum þess máls sem hér er til úrlausnar. Þá má horfa til þess að í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 26. nóvember 2015 í máli nr. 243/2015 var einnig fjallað um lögmæti verðtryggingar með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 121/1994, en þar lá fyrir greiðslumat sem talið var fela í sér greiðsluáætlun í skilningi laganna. Var í greiðslumatinu ekki heldur tekið tillit til verðlagsbreytinga.

Í dómum Hæstaréttar, svo og dómum héraðsdóms, í framangreindum málum voru ítarlega rakin ákvæði íslenskra laga um verðtryggingu, svo og reglur EES-réttar og túlkun EFTA-dómstólsins á þeim, meðal annars í dómi dómstólsins 24. nóvember 2014 sem kveðinn var upp í þágu máls þessa og áður er gerð grein fyrir. Andstætt niðurstöðu héraðsdóms komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt, með vísan til 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, að skýra 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 til samræmis við tilskipun nr. 87/102/EBE, eins og hún hafði verið túlkuð af EFTA-dómstólnum. Þvert á móti var talið að með ákvæðinu hefði með ótvíræðum hætti verið mælt fyrir um að miða skyldi greiðsluáætlun við óbreytt verðlag. Í dómi Hæstaréttar 13. maí 2015 var því litið svo á að sú greiðsluáætlun sem lántakinn undirritaði hefði að öllu leyti verið í samræmi við ákvæði 4., 5. og 6. töluliðar 1. mgr. 6. gr., sbr. 10., 11. og 12. gr. laga

nr. 121/1994. Með svipuðum rökstuðningi var í dómi réttarins 26. nóvember 2015 ekki á það fallist að sú mánaðarlega greiðsluáætlun sem fólst í greiðslumati lánveitanda hefði brotið í gegn lögum nr. 121/1994 að þessu leyti.

Samkvæmt þessu var í umræddum dómum Hæstaréttar hvorki fallist á að brotið hefði verið gegn lögum nr. 121/1994 sjálfstætt né látið hjá líða að veita lántaka upplýsingar um efni og áhrif skilmála um verðtrygginguna í þeim mæli að það yrði talið ósanngjarnt af lánveitanda eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera þá fyrir sig, sbr. 36. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Báðir þeir dómur Hæstaréttar sem nú hefur verið vísað til voru einróma kveðnir upp af fimm dómurum.

## D

Sú ályktun verður dregin af áralangri réttarframkvæmd hér á landi að dómur Hæstaréttar séu, að óbreyttum lögum, lagðir til grundvallar niðurstöðu nýs dómsmáls sem lýtur að úrlausn sambærilegs sakarefnis, enda hafi Hæstiréttur tekið afstöðu til álitaefnis með rökstuddum hætti innan marka viðurkenndrar lagalegrar aðferðar. Á þetta því frekar við sem fordæmi eru ítrekuð og dómur hafa verið kveðnir upp einróma af Hæstarétti í fimm eða sjö manna dómi. Verður sú ályktun einnig dregin af réttarframkvæmd að einungis komi til greina að víkja frá fordæmi Hæstarétti þegar knýjandi rök mæla með slíkri niðurstöðu, t.d. þegar aðstæður hafa breyst verulega eða fordæmisréttur er kominn í bersýnilegt ósamræmi við almenna réttarvitund og viðteknar réttarhugmyndir, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 9. janúar 1990 í máli nr. 120/1989 og 25. október 2001 í máli nr. 129/2001.

Líkt og áður greinir telur dómurinn að málsástæður stefnanda, byggðar annars vegar á lögum nr. 121/1994 og hins vegar á ógildingarreglum laga nr. 7/1936, séu efnislega þær sömu og Hæstiréttur fjallaði um í framangreindum tveimur dómum. Með dómum sínum tók Hæstiréttur rökstudda afstöðu til umræddra málsástæðna á grundvelli viðurkenndrar lagalegrar aðferðar og skar úr ágreiningi sem risið hafði um gildandi rétt. Að mati dómsins hefur stefnandi engin haldbær rök fært fram sem leitt geta til þess að hafna eigi gildi dómanna sem fordæmisrétti við úrlausn málsins. Með vísan til tilvitnaðra dóma Hæstaréttar, sem samkvæmt þessu verða lagðir til grundvallar úrlausn málsins sem bindandi fordæmi, verður því fyrrgreindum málsástæðum stefnanda hafnað. Leiðir af þessu að sýkna ber stefnda af bæði aðal- og varakröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Stefnandi nýtur leyfis til gjafsóknar sem gefið var út 1. september 2014 og greiðist gjafsóknarkostnaður hans því úr ríkissjóði. Samkvæmt umsókn stefnanda um gjafsókn, sem lögð hefur verið fram í málinu, lá fyrir að héraðsdómur hafði leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og hafði stefnandi látið málið til sín taka

fyrir þeim dómstól. Eins og málið liggur fyrir samkvæmt þessu verður því að líta svo á að öflun umrædds ráðgefandi álits hafi verið þáttur í meðferð málsins fyrir héraðsdómi og sé kostnaður vegna reksturs málsins fyrir EFTA-dómstólum því hluti af gjafsóknarkostnaði stefnanda.

Við ákvörðun gjafsóknarkostnaðar verður höfð hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns vegna meðferðar málsins í héraði, samtals 205,6 klst. Samkvæmt tímaskýrslunni er heildarkostnaður vegna rekstrar málsins fyrir EFTA-dómstólum alls 12.050.445 krónur, þar af 651.560 krónur vegna útlagðs kostnaðar vegna ferða og kaupa á þjónustu löggilts skjalapýðanda. Er miðað við að starfað hafi verið að þessum þætti málsins í alls 407,75 klst. Að mati dómsins er þessi vinnustundafjöldi vegna rekstrar málsins fyrir EFTA-dómstólum úr hófi. Þá hefur fjárhæð útlagðs kostnaðar ekki verið studd gögnum. Er því óhjákvæmilegt að ákveða þóknun lögmanns stefnanda vegna rekstrar málsins fyrir EFTA-dómstólum að álitum, sbr. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991, en ekki er tekin nein afstaða til útlagðs kostnaðar stefnanda vegna meðferðar málsins. Samkvæmt þessu þykir þóknun lögmanns stefnanda hæfilega ákveðin 6.000.000 króna. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Björn Þorri Viktorsson hrl.

Af hálfu stefnda flutti málið Aðalsteinn Jónasson hrl.

Skúli Magnússon kveður dóminn upp.

#### Dómsorð:

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Sævars Jóns Gunnarssonar.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ.m.t. þóknun lögmanns hans, Björns Þorra Viktorssonar hrl. að fjárhæð 6.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.

Skúli Magnússon